



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Forsætisráðuneyti  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Reykjavík 8. janúar 2021

2101020SA TP  
Málalykill: oo.64

### **Efni: Áform um lagabreytingar vegna starfshátta kærustjórnvalda**

Forsætisráðuneytið hefur kynnt áform í samráðsgátt (mál nr. S-273/2020) um að bæta nýjum ákvæðum við stjórnsýslulög nr. 37/1993, lög nr. 21/1994 og lög nr. 70/1996 í því skyni að samræma og bæta starfshætti kærustjórnvalda.

Sambandið tekur undir að tímabært sé að huga að slíkum breytingum. Hvað þær varðar er því jafnframt haldið til haga að áformin hafa þýðingu gagnvart sveitarfélögnum, enda koma margháttáðar ákvarðanir þeirra til endurskoðunar hjá sjálfstæðum stjórnsýslunefndum (svo sem Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og Úrskurðarnefnd velferðarmála).

Á þessu stigi hefur sambandið ekki beinar athugasemdir við þau atriði sem tilgreind eru í áformaskjalinu. Til efni er þó til að við undirbúning frumvarps verði tekin afstaða til fyrirhugaðra laga um stjórnsýslu jafnréttismála, þar sem gert ráð fyrir málsaðild kærunevndar jafnréttismála að dómsmálum sem höfðuð eru til ógildingar á úrskurðum nefndarinnar. Í umsögn um frumvarpið hefur sambandið lagt áherslu á að samræmi þurfi að vera í forgrunni í starfsemi og hlutverki kærunevnda.

Fyrirkomulag á frestun réttaráhrifa úrskurða getur varðað sveitarfélög töluvert miklu auk þess sem fyrir liggur að áframhaldandi vinna ráðuneytisins mun einnig beinast að öðrum breytingum - ótilgreindum á þessu stigi - sem miða að skýrari og samræmdari málsmeðferð stjórnvalda. Í þeirri umræðu ber að hafa í huga sérstöðu sveitarfélaga og sjálfstæði þeirra lögum samkvæmt.

Þess er því vinsamlegast farið á leit að ráðuneytið hafi aðkomu sveitarfélaga í huga við áframhaldandi undirbúning lagabreytinga eftir því sem ástæða er til. Sambandið er reiðubúið til þess að eiga fund með ráðuneytinu til þess að fara yfir helstu sjónarmið og þau álitaefni sem frekari vinna kann að leiða fram.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri